

**Ed.**

**578. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarp þetta og hefir ekki haft neitt verulegt við það að athuga, svo langt sem það nær.

Breytingar frumvarpsins frá eldri lögum eru þessar:

1. Að leggja megi útsvar á þilbátaútgerð, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur í stað 8 vikur í gildandi lögum.
2. Tekin eru upp í frumvarpið ákvæði laga nr. 48, 3. nóv. 1915, um atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi.
3. Bætt er inn í ákvæði laganna 2. nóv. 1914, um leiguliðaafnot af jörðum, orðunum: »svo sem slægjuafnot«, og á það að skoðast skýring á lögnum, fremur en breyting.

Nefndin getur fallist á 1. atriðið, einkum vegna þess, að sama tímatakmark (4 vikur) er í lögnum 2. nóv. 1914 um bátfiski, en það virðist engin ástæða til þess að hafa tímenn lengri fyrir t. d. þilskipaútgerð, og verður það að teljast ósamræmi í gildandi lögum.

Annað atriðið telur nefndin sjálfsgagt og álitur rjettast að fara lengra í því efni, og leggur því til að öll lög frá 2/11 1914 sjeu tekin upp í frumvarpið — að því leyti sem þau eru í gildi — svo að með þessum lögum verði tvenn samskonar lög úr lögum numin, þar sem breytingar á sveitarstjórnarlögunum eru þegar í allt of mörgum og smáum molum.

Nefndin vill því ráða nokkra bót á þessu í breytingartillögum sínum.

Um þriðja atriðið er það að segja, að nefndin telur skýringuna rjetta þegar svo stendur á, að utansveitarmaður hefir veruleg slægjuafnot jarðar í öðru sveitarfjelagi, en telur annan hafa ábúðina, sem þó, ef til vill, hefir lítið af aðalnytjum jarðarinnar.

Hins vegar treystir nefndin því, að þetta verði ekki skilið svo, sem leggja beri útsvar á utanhreppsmann, þótt hann fái lánaðar slægjur fyrir fullt verð til þess að hjarga skepnum sínum.

Samkvæmt framansögðu ræður nefndin háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarpið með þessum

## BREYTINGARTILLÖGUM.

### 1. Við 1. gr.

Fyrsta málsgrein orðist svo:

36. gr. og fyrri málsg. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

### 2. Við 1. gr. Þriðja málsgrein orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátáutgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, sildveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

### 3. Eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

5. Fyrirsögnin hljóði þannig:

Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Alþingi, 29. ágúst 1919.

Guðjón Guðlaugsson,  
form. og framsögum.

Jóh. Jóhannesson,  
fundaskrifari.

Magnús Torfason.